

Mál nr. 239/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.07. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2009 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. nefndu bréfi til nefndarinnar.

Þann 05.07. 2009 var komið að M meðvitunarlausum í skurði í verksmiðjuhverfi á Selfossi. M kveðst hafa verið úti að skokka. Félagið telur að ekki hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum. Ósannað sé hvað hafi komið fyrir M. Félagið vísar og til 1. mgr. 82. – 83. gr. laga um vátryggingarsamninga í þessu efni varðandi upplýsingaskyldu við töku vátryggingar.

Varðandi málsatvik er vísað til úrskurðar nefndarinnar nr. 226/2009 um sama tjónsatburð og hliðstæða slysatryggingu en hjá öðru vátryggingafélagi. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var að hafna bótaskyldu sbr. röksemdafærslu þess máls.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Nefndin telur að M hafi með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum og að hann hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeim skilmálum sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.